


Framkvæmd



Ábyrgð og framkvæmd

1. Umsækjandi fyllir út rafræna umsókn um uppskeruheimild í þjónustugátt MAST; <http://umsokn.mast.is>. Þegar umsækjandi velur aðgerðina “senda” er mál stofnað sjálfkrafa í málakerfi undir viðskiptavini (fyrirtæki).

- Heiti máls verður “Uppskeruheimild í xxxx”, xxxx er lýsandi fyrir svæði, málalykill er 5.6.3 Uppskeruheimild (SKRA-097).

- Þjónustugátt sendir staðfestingu á móttöku umsóknar. Umsókn er send sjálfkrafa til móttökuaðila (fagsviðstjóra skelfisks (FS) sem er skilgreindur undir viðeigandi málarniðmáti í málakerfi.

- Öll gögn vegna samskipta við umsækjanda skal vista undir málinu í málakerfi. Ath. Senda skal nýja umsókn ef uppskera hefur ekki átt sér stað í 3 mánuði.

2. Fagsviðstjóri skelfisks (FS) fer yfir stöðu svæðisins og skoðar hvort sýni til greiningar á örverum og mengunarefnum hafi verið tekin í samræmi við eftirlitsáætlun svæðisins og nýtingu þess. Ef þörf er á frekari sýnatökum eru þær skipulagar. Ef niðurstöður eru í lagi geta greiningar á eitruðum þörungum og þörungaeitri leitt til uppskeruheimildar. Farið er yfir sýnatökuaðferðir með viðkomandi. Svar sent í tölvupósti úr málinu. Sjá einnig [LBE-089](#) sem styðjast skal við þegar ákvörðun er tekin um hvaða tegundir þörungaeiturs skuli greina.

3. Framleiðandi tekur sýni af sjó skv. [LBE-048](#) og af skel skv. [LBE-021](#) og fyllir út sýnatökuseðla [EBL-020](#) (fyrir skelfisk) og [EBL-087](#) (fyrir sjó) sem eiga að fylgja sýni og afrit skulu send til MAST. Sýni skal senda á viðurkenndar rannsóknarstofur sem MAST tilgreinir í leiðbeiningunum og í LST-032.

4. Rannsóknastofa sendir niðurstöður til MAST. Niðurstöður eru skráðar í excel skrá sem er vistuð undir heitinu EftirlitsniðurstodurSkelfiskurdags á K:/Skelfiskur eftirlitsniðurstöður og leggur FS mat á niðurstöður skv. þeim viðmiðunarmörkum sem skilgreind eru í skjalinu [LBE-071](#). Ef upp koma vafamál og hættuástand skal kalla til viðbragðshóp sbr. [LBE-072](#) sem tekur ákvörðun um opnun/ lokun/ frekari sýnatökur/ innköllun afurða.

5. Ef niðurstöður standast kröfur sbr. lið 4 er svæðið opnað og er það opið í ákveðinn tíma frá því að niðurstöður berast sem er háður tegund og árstíma sbr. [LBE-089](#) og [LBE-090](#). Framleiðenda tilkynnt niðurstaða í tölvupósti (sjá t-pósta í eldri málum). Niðurstöður er settar inn á vefsíðu MAST sbr. [LBE-118](#). Greiningakostnaður skráður í innheimtugrunn MAST.